

Umhverfisstofnun
Verkefnisstjórn rammaáætlunar
B.t. Jóns Geirs Péturssonar, formanns
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2025

Erindi þetta er ritað fyrir hönd Qair Ísland ehf. (hér eftir „Qair“ eða „félagið“). Vísað er til erinda félagsins til verkefnisstjórnar, dags. 10. janúar sl. og 24. mars sl., er varða drög að flokkun tíu vindorkukosta sem lögð hefur verið fram í samráðsgátt. Félagið telur verulega annmarka á umfjöllun verkefnisstjórnar, og hefur því óskað skýringar, með tilliti til málsmeðferðar- og efnisreglna stjórnarsýsluréttar, en engin svör fengið. Félaginu hafa nú að auki borist ábendingar um hugsanlega hagsmunaárekstra og mögulegt vanhæfi nefndarmanna í verkefnisstjórn og fulltrúa í faghópum. Erindi þetta er sent til þess að leita upplýsinga og skýringa með vísan til atvika sem kunna að teljast vanhæfisástæður.

Verkefnastjórnin er stjórnvald sem starfar samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og telst stjórnarsýslunefnd í skilningi stjórnarsýsluréttar. Lögbundið verkefni verkefnisstjórnarinnar er að leggja fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um verndar- og orkunýtingaráætlun, en lögin tilgreina jafnframt þá málsmeðferð og verklag sem viðhafa ber við undirbúning og úrvinnslu tillagna verkefnisstjórnarinnar. Auk fyrirmæla laga nr. 48/2011, er verkefnastjórnin bundin af almennum efnis- og málsmeðferðarreglum stjórnarsýsluréttar. Lögbundin verkefni verkefnisstjórnarinnar eru hluti af stjórnarsýslumáli sem lýkur með ákvörðun ráðherra um tillögu um verndar- orkunýtingaráætlun og þar sem ákvörðun ráðherra hefur bein áhrif á réttarstöðu aðila sem standa að þeim virkjunarkostum sem eru til skoðunar, er um að ræða stjórnvaldsákvörðun í skilningi laga. Gilda því stjórnarsýslulög nr. 37/1993 um störf verkefnisstjórnar.

Í öllu falli gilda meginreglur um vandaða stjórnarsýsluhætti og óskráðar grunnreglur stjórnarsýsluréttar um málsmeðferð verkefnisstjórnar, þ.m.t. óskráðar meginreglur stjórnarsýsluréttar sem snúa að sérstöku hæfi. Endurspeglast framangreint í starfsreglum verkefnisstjórnar, nr. 515/2015, en þar er tilgreint í b.-lið 4 gr. að fulltrúar í verkefnisstjórn skuli *gæta þess að persónuleg eða viðskiptatengd málefni þeirra hafi ekki áhrif á niðurstöður* og í 11. gr. um skipan faghóps segir að fulltrúar í faghópum skuli *ekki hafa bein hagsmunatengsl sem haft geti áhrif á hæfi þeirra til starfa í faghópnum*.

Samkvæmt ábendingum sem umbjóðanda mínum hafa borist eru fyrir hendi álitaefni sem snúa að sérstöku hæfi nefndarmanna í verkefnisstjórn og faghópum:

- Í fyrsta lagi hefur umbjóðanda mínum borist ábending um að nefndarmaðurinn Róbert Arnar Stefánsson hafi á opinberum vettvangi tekið afgerandi afstöðu gegn þróun vindorku hérlandis, sjá skrif á Facebook (fylgiskjal 1) og staðfest opinberlega stuðning við undirskriftasöfnun sem beint er gegn vindorku (fylgiskjal 2). Óumdeilt er í stjórnsýslurétti að nefndarmaður í stjórnsýslunefnd getur orðið vanhæfur til þátttöku í málsmeðferð, hafi hann tekið afgerandi opinbera afstöðu til málefnis sem til umfjöllunar er.
- Í annan stað liggur fyrir að tveir nefndarmenn í faghópi 2, sem ætlað er að meta með faglegum og hlutlægum hætti, áhrif vindorkuframkvæmda, eru eigendur ferðapjónustufyrirtækja, sem skipuleggja göngur fyrir ferðamenn víða um land. Samkvæmt heimildum umbjóðanda míns er Einar Torfi Finnsson eigandi Arctic Hiking og Íslenskra fjallaleiðsögumanna, og Unnur Svavarsdóttir stofnandi og eigandi ferðapjónustufyrirtækisins Go North. Rökstyðja má að um sé að ræða þau „beinu hagsmunatengsl“ sem vísað er til í starfsreglum verkefnisstjórnar.


Stjórnsýslunefnd ber að fjalla um og meta ástæður sem mögulega eru til þess fallnar að valda vanhæfi nefndarmanna og nefndarmönnum ber að eigin frumkvæði að vekja athygli á atvikum eða aðstæðum sem mögulega geta valdið vanhæfi, sjá til hliðsjónar 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 37/1993. Af fundargerðum verkefnisstjórnar verður ekki ráðið að framangreint hafi komið til skoðunar að hálfu verkefnisstjórnar.

Í ljósi alls framangreinds óskar félagið eftirfarandi skýringa í máli þessu (fyrirspurnin er ekki bundin við þau mögulegu vanhæfisatvik sem reifuð eru hér að framan, nema annað sé tekið fram):

- 1) Hafa einstakir nefndarmenn eða fulltrúar í faghópum vakið athygli, í tengslum við 5. áfanga rammaáætlunar og umfjöllun um virkjunarkosti félagsins, á mögulegum vanhæfisástæðum?
- 2) Hefur verkefnisstjórn, í tengslum við 5. áfanga rammaáætlunar eða eftir atvikum umfjöllun um virkjunarkosti félagsins, tekið afstöðu til mögulegs vanhæfis nefndarmanna eða fulltrúa í faghópum?
- 3) Óskað er rökstuðnings telji verkefnisstjórn að framangreind atvik, og eftir atvikum hagsmunatengsl, kalli ekki á mat á mögulegu vanhæfi, og/eða að slíkt mati leiði til þeirrar niðurstöðu að vanhæfi til meðferðar á virkjunarkostum í vindorku sé ekki fyrir hendi í umræddum tilvikum.

Óskað er svara við framangreindu erindi við fyrstu hentugleika. Af hálfu félagsins er allur réttur áskilinn.

Virðingarfyllst,
f.h. Qair Ísland ehf.


Ingvi Hrafn Óskarsson, lögmaður

**Róbert Arnar Stefánsson**

65 points

873 friends

Message

Add friend

View profile

Group posts

Róbert's contributions

Intro

Member of Mótvindur- Ísland- Félagar since 8 February 2023

Group posts

Róbert Arnar Stefánsson ▸ Mótvindur- Ísland- Félagar

18 May 2024

Frumvarp um vindorkuver, sem nú er í höndum Alþingis, er meingallað þegar kemur að verndun fuglalífs. Formaður Fuglavermdar skrifaði grein um málið sem ég hvet ykkur til að lesa og deila.



HEIMILDIN

Vindorkuver á Íslandi – Stórslys í uppsiglingu?

Í jafn landmiklu og strjálbýlu landi og Ísland er, hlýtur að vera þægt að finna svæði þar sem byggja m...

18

8 comments · 2 shares

Like

Comment

Send

Share

View more comments



Björn Halldór Björnsson

Þeim er skitsama um náttúru landsins. Þetta er hægt að stöðva með samtakamætti.

43w Like Reply Share

Stöndum vörð um náttúru Íslands og auðlindir í almannaeigu.

Undirrituð skora á ríkisstjórn og Alþingi Íslendinga að standa með almenningi og íslenskri náttúru og heimila ekki stóriðju í vindorku um heiðar, sveitir og strendur landsins. Vindorkuver valda óafturkræfum umhverfisspjöllum, stórfelldu landraski, sjón- og hljóðmengun, skaða vistkerfi og samfélög og ógna líffræðilegum fjölbreytileika.

Þess er krafist að löggjafinn skapi sterkan lagaramma svo orkuinnviðir þjóðar, framleiðsla og dreifing, verði í almannaeigu til framtíðar. Ef fylgja á eftir áformum um einkavædd vindorkuver hringinn í kringum landið krefjumst við þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir rétt náttúru Íslands og komandi kynslóða.

Gildistími lista:

17.06.2024 - 01.04.2025

Ábyrgðarmaður:

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Fjöldi undirskrifa:

3831

Setja nafn mitt á þennan lista 

Dagsetning	Nafn
23.06.2024	Nafn ekki birt
23.06.2024	Kolbeinn Sturla Guðmunds Heiðuson
23.06.2024	Margrét Magnúsdóttir
23.06.2024	Margrét De Leon Magnúsdóttir
23.06.2024	Daníel Jón Kjartansson
23.06.2024	Nafn ekki birt
23.06.2024	Nafn ekki birt
23.06.2024	Róbert Arnar Stefánsson
23.06.2024	Ísól Lilja Róbertsdóttir
23.06.2024	Pétur Eggerz Pétursson